

**Nr. 046 / 10 Hrafn GK 111*****Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1628  
Smíðaður: Akureyri 1983 stál  
Stærð: 680,3 brl. 1067 bt.  
Mesta lengd: 61,76 m Skráð lengd: 58,56 m  
Breidd: 9,76 m Dýpt: 6,74 m  
Vél: Wichmann 1472 1982  
Fjöldi skipverja: 27



Hrafn ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 11. apríl 2010 var Hrafn GK 111 á togveiðum á Tánni. Veður: SV 5 m/sek. Ölduhæð 1 m.

Skipverjar voru að ganga frá bobbingum út í síðu með keðjustroffu með pokagilsinum eftir að nýir togvírar höfðu verið jafnaðir á togvindunum og var gilskrók húkkað í stroffuna. Einn skipverja hélt og ýtti á annan keðjulegginn og þegar slakað var kom annar bobbingurinn fyrir niður á þilfarið. Rann þá keðjustroffan til í króknum með þeim afleiðingum að skipverjinn klemmdist á hendi. Hann leitaði læknis þegar komið var í höfn.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.